

## Fundargerð

Fundur var haldinn í stjórn Íslenskrar málnefndar í fundarherbergi á Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, Laugavegi 13, 4. hæð, þriðjudaginn 14. maí 2019 og hófst kl. 14.30. Fundinn sátu Guðrún Kvaran formaður, Ármann Jakobsson varaformaður, Hilmar Hilmarsson, Þröstur Helgason og Jóhann R. Kristjánsson. Ágústa Þorbergsdóttir frá Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum ritaði fundargerð.

### 1. Átakið *Áfram íslenska*

Gestur á fundinum var Helga Guðrún Johnson, verkefnastjóri átaksins *Áfram íslenska* sem unnið er er að á vegum mennta- og menningarmálaráðuneytisins. Hún greindi frá ýmsum hugmyndum um aðgerðir til stuðnings íslenskrar tungu, sbr. það sem fram kemur í tillögu til þingsályktunar sem mennta- og menningarmálaráðherra hefur lagt fram um að efla íslensku sem opinbert mál á Íslandi. Aðgerðirnar eru í 22 liðum og snerta flestar hliðar þjóðlífsins.

### 2. Málræktarþing 2019, framhaldsumræður

Sjá fg. stj. ÍM 4/2019, 1. lið. Rætt var áfram um fyrirhugað málræktarþing 26. september. Þema málræktarþingsins er rafræn gögn um íslenskt mál opin almenningsi. Eftirfarandi hafa samþykkt að halda erindi á þinginu: Lilja Alfreðsdóttir mennta- og menningarmálaráðherra, Lars Trap-Jensen, Hjálmar Gíslason og Steinunn Stefánsdóttir. Eftir er að fá endanlegt svar frá tveimur þátttakendum til viðbótar.

### 3. Viðurkenningar

Sjá fg. stj. ÍM 4/2019, 3. lið. Áframhaldandi umræður um hverjir skuli hljóta viðurkenningu ÍM árið 2019.

### 4. Ályktun um stöðu íslenskrar tungu, framhaldsumræður

Sjá fg. stj. ÍM 4/2019, 2. lið. Ármann Jakobsson lagði fyrir fundinn drög að ályktun um stöðu íslenskrar tungu 2019. Farið var yfir drög Ármanns lið fyrir lið.

### 5. Önnur mál

#### a. *Stuðningsyfirlýsing við evrópskt iðorðaverkefni*

Formaður skrifaði í vikunni undir stuðningsyfirlýsingu við umsókn til Evrópusambandsins um styrk úr sjóðnum CEF (Connecting Europe Facility). Um er að ræða iðorðaverkefni sem átta Evrópuþjóðir standa að og hefur verkefnið fengið heitið *Federated eTranslation Termbank Network*. Verkefnið miðar að því að styrkja stöðu íslensku í stafrænum heimi og gera það mögulegt að fella hana inni í tækni og þjónustu svo að hún verði raunverulegur valkostur í öllu viðmóti og upplýsingavinnslu.

#### b. *Netverksfundur norrænu málnefndanna á Grænlandi*

Ritari greindi frá undirbúningi fyrir netverksfund norrænu málnefndanna sem haldinn verður í Nuuk á Grænlandi í lok ágústmánaðar.

#### c. *Sprog i Norden*

Ritari greindi frá því að tímaritið *Sprog i Norden* er nú komið í umbrot og stefnt er að því að það komi út á tíðsskrift.dk fyrir netverksfundinn í haust.

Fundi lauk kl. 16.25.

Guðrún Kvaran  
sign.

Ágústa Þorbergsdóttir  
sign.